



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 25. apríl 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, 461. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um fjarskipti, 461. mál á 152. löggjafarþingi. Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta það sem er kallað „fjarskiptapakki Evrópusambandsins frá 2018“, nánar tiltekið tilskipun ESB nr. 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um fjarskipti (Kóðinn) og reglugerð ESB nr. 2018/1971 frá 11. desember 2018 um evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði fjarskipta. Hér er um að ræða heildarendurskoðun á regluverki fjarskipta á Íslandi.

Mikilvægt er að uppfæra fjarskiptalöggjöf hér á landi svo hún sé í samræmi við Evrópuregluverk og þær tækniframfarir sem hafa átt sér stað á liðnum árum. Ekki er síður mikilvægt að vel takist til við uppfærslu á þessari löggjöf. Sérstaklega telja samtökin að líta beri til tilgangs fjarskiptapakksins frá ESB sem er meðal annars sá að stuðla að samkeppni á markaði, efla og þróa innri markað og stuðla að uppbyggingu á hágæðafjarskiptajónustu í Evrópu.

Ljóst er að ekki hefur ríkt sátt um nálgun hérlendra stjórnvalda við innleiðingu gerðanna en málið hefur ekki náð fram að ganga á fyrri þingum. Samtökin hafa áður gert athugasemdir við málið, annars vegar með umsögn í Samráðsgátt þann 10. janúar 2020 og hins vegar tvívegis sent inn umsögn um málið til umhverfis- og samgöngunefndar, fyrst þann 5. júní 2020 og aftur 5. nóvember 2020. Einhverjar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu en lítið tillit hefur verið tekið til þeirra athugasemda sem samtökin hafa gert. Því er vísað til fyrri umsagna samtakanna um málið að öðru leyti en því sem kemur fram hér að neðan. Fyrri umsagnir samtakanna fylgja með í viðaukum við umsögn þessa.

Helstu atriði úr fyrri umsögnum:

- Samtökin lýsa yfir vonbrigðum sínum með að ekki hafi farið fram ítarlegra mat á áhrifum frumvarpsins á hagaðila, bæði fjarskiptafyrirtæki og neytendur.
- Samtökin benda á að ekki hafi verið komið til móts við athugasemd samtakanna um að tilgreina sérstaklega að fjarskiptalögin teljist sérlög gagnvart lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ennfremur var ekki komið til móts við athugasemdir samtakanna um 2. mgr. 88. gr. frumvarpsins er varðar vefkökur en á ákvæðinu eru meinbugir sem ráða þarf bót á. Framlagðar breytingartillögur samtakanna væru til þess fallnar að auka skýrleika laganna.
- Samtökin ítreka fyrri afstöðu sína um endurskoðun ákvæðis frumvarpsins um stjórnvaldssektir, sbr. nú 103. gr. Lögð er til breyting á ákvæðinu áður en það verður að lögum.
- Samtökin leggja gegn fyrirhuguðum áformum um að leggja sérstakt gjald (skatt) á fyrirtæki við endurúthlutun tíðniheimilda. Skattheimtan mun fyrirsjáanlega draga úr getu og möguleikum fyrirtækjanna til að fjárfesta í nýrri og betri tækni og að bæta þjónustu við neytendur, á kjörum sem nú gilda.
- Samtökin hvetja umhverfis- og samgöngunefnd til þess að leggja mat á hvar frumvarpið gengur frammar hinu evrópsku regluverki en íþyngjandi kvaðir sem ekki eiga sér stoð í Evrópurétti eru til þess fallnar að draga úr samkeppnishæfni fjarskiptafyrirtækja hér á landi og þar með seinka framþróun til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag og neytendur.
- Samtökin hvetja, nú sem fyrr, til þess að loks verði ráðið í sameiningu á Fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitinu.



Auk fyrri umsagna telja samtökin að taka verði tillit til neðangreindra atriða í meðförum þingsins.

1) Tryggja þarf vandað og faglegt áhættumat við beitingu 87. gr. frumvarpsins

Fjarskiptainnviðir eru þjóðhagslega mikilvægir og eru samtökin sammála því markmiði stjórnvalda að standa vörð um almanna- og öryggishagsmuni Íslands í tengslum við uppbyggingu og rekstur þeirra innviða. Samtökin leggja þó ríka áherslu á að allar ákvarðanir sem teknar eru í þeim efnum byggji á faglegu, hlutlægu og ítarlegu áhættumati. Náð samráð við hagsmunaaðila og sérfræðinga í faginu er grundvallarforsenda fyrir því að góðar ákvarðanir verði teknar til framtíðar við uppbyggingu fjarskiptainnviða hér á landi.

Í kafla XII. laganna er fjallað um öryggishagsmuni vegna uppbyggingar farneta, nánar tiltekið í 87. gr. laganna. Ákvæðið byggir ekki á tilskipuninni heldur á tillögum starfshóps þriggja ráðuneyta. Allar ráðstafanir sem gerðar verða á grundvelli 87. gr. verða að byggja á hlutlægu og ítarlegu áhættumati enda er í 1. mgr. ákvæðisins sérstaklega vísað til viðbragða við þeim áhættuþáttum er varða brýna almanna- og öryggishagsmuni. Ekki má þó með skýrum hætti ráða af ákvæðinu hvernig leggja eigi mat á umrædda áhættuþætti. Leggja samtökin því til að það komi skýrt fram í frumvarpstexta hvernig það mat skuli fara fram, bæði með vísan í þau sjónarmið sem heimilt og skylt er að líta til við framkvæmd áhættumatsins sem og málsmeðferð þess. Í ljósi þess hversu ríkar heimildir stjórnvöld eiga að fá til að takmarka athafnafrelsi fjarskiptafyrirtækja varðandi t.d. val á búnaði, er mikilvægt að gagnsæi ríki við beitingu ákvæðisins. Hér ber til þess að líta að samningsfrelsi í þessum efnum er grundvallarforsenda fyrir uppbyggingu á öflugu fjarskiptaneti og takmarkanir á því er nauðsynlegt að byggja á málefnalegum forsendum í gagnsæu ferli.

Gera samtökin því enn fremur athugasemd við 4. mgr. 87. gr. sem undanskilur umsagnir ráðherra samkvæmt 3. mgr. sama ákvæðis upplýsingarétti almennings og aðila máls samkvæmt upplýsinga- og stjórnábylgjum. Samtökin telja ekki þörf á slíku ákvæði heldur eigi frekar að byggja takmörkun á upplýsingarétti, sé takmörkunar þörf, á ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. nánar tiltekið 10. gr. laganna sem heimilar takmörkun á upplýsingum enda hafi gögn t.d. að geyma upplýsingar um öryggi ríkisins eða varnarmál. Í greinargerð með frumvarpinu koma ekki fram skýr rök fyrir því að setja eigi sérákvæði um þessar umsagnir og að hvaða marki upplýsingalögin dugi ekki til að gæta þeirra öryggishagsmuna sem í húfi eru. Leggja því samtökin til að 4. mgr. 87. gr. frumvarpsins verði fellt brott.

2) Sérþekking við setningu reglugerða

Fjarskiptaiðnaður er sérhæfður og tæknilegur og því vilja samtökin leggja ríka áherslu á aðkomu sérfræðinga við setningu þeirra reglugerða sem kveðið er á um í frumvarpinu. Þá hvetja samtökin jafnframt til viðtæks samráðs við hagsmunaaðila þegar kemur að setningu og innleiðingu reglugerða.

3) Vernd fjarskiptavirkja – undanþáguheimild til veiða við fjarskiptastrengi

Í 86. gr. frumvarpsins, nánar tiltekið 4. mgr. ákvæðisins, er lögð til sú breyting frá núgildandi regluverki að veita ráðherra heimild til að veita undanþágu frá banni við veiðum með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða dregin eftir honum, í sérstökum tilvikum, ef um er að ræða veiðarfæri sem ekki eru talin líkleg til að raska öryggi fjarskiptastrengja á viðkomandi svæði að teknu tilliti til aðstæðna. Í athugasemd við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið breytinganna sé að draga úr líkum þess að nýir fjarskiptastrengir í sjó takmarki óhóflega og að óþörfu möguleika á fiskveiðum.

Samtökin gera ekki sérstakar athugasemdir við undanþáguheimildina enda líta samtökin svo á að hér sé verið að gæta meðalhófs í lagasetningu. Samtökin áréttu þó mikilvægi þess að ferillinn við beitingu umræddrar undanþágu sé opinn og gagnsær þar sem tryggt sé fullt öryggi fjarskiptastrengja, með viðeigandi áhættumati stjórnvalda til jafns við hagsmuni þeirra atvinnugreina sem málið varðar, ekki síst á sviði sjávarútvegs og fjarskipta. Jafnvægi þarf að ríkja þar á milli.



Hér ber til þess að líta að fjarskiptastrengir í sjó varða almanna- og öryggishagsmuni landsins og hafa einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir mikla hagsmuni af öruggri og óslitinni fjarskiptatengingu við umheiminn. Það öryggi verður hins vegar ekki tryggt án aðkomu atvinnugreina sem hagsmuna hafa að gæta. Samtökin telja mikilvægast í öllu þessu að virkt og uppbyggilegt samráð sé á á vettvangi stjórnvalda við og á milli hagaðila við ákvarðanatöku um lagningu fjarskiptastrengja nú sem og til framtíðar enda eru ríkir almannahagsmunir af sátt um þessi mál.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

Heiðrún Björk Gísladóttir

Björg Ásta Þórðardóttir